

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2018

Mál: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Samtök atvinnulífsins hafa tekið til umsagnar frumvarp til nýrra laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem birt var inná samráðsgáttinni þann 1. maí sl.

Samtökin hafa kynnt sér efni frumvarpsins og vilja koma á framfæri athugasemd er varðar 3.gr. frumvarpsins, skilgreiningar. Í 14. tl. er að finna skilgreininguna á *raunverulegum eiganda*. Samkvæmt ákvæðinu telst raunverulegur eigandi m.a. í tilviki lögaðila vera einstaklingur eða einstaklingar sem í raun eiga eða stjórna lögaðila í gegnum beina eða óbeina eignaraðild að meira en 10% hlut atkvæðaréttar eða teljast á annan hátt hafa yfirráð yfir lögaðila.

Heildarendurskoðun laganna byggir á innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/849 frá 20. maí 2015 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Ef ákvæði frumvarpsins er borið saman við ákvæði tilskipunarinnar má sjá að gengið er lengra í íslenska ákvæðinu því í tilskipuninni er miðað við 25% hlut atkvæðaréttar eða önnur yfirráð sbr. (i) lið (a) liðs 6. tl. 3 .gr. tilskipunarinnar. Samtökin minna á að við innleiðingu EES-gerða verður að gæta samræmis og gæta þess að ekki séu innleiddar meira íþyngjandi kröfur en nauðsyn ber til og felast í efni gerðanna. Annað dregur úr einsleitni og skapar erfiðara rekstrarumhverfi fyrir íslensk fyrirtæki. Gæta verður einnig þess að þýðing hugtaka og reglna sé í samræmi við efni EES-gerða sem ætlunin er að innleiða.

Leggja samtökin til að 3. gr. frumvarpsins verði endurskoðuð og breytt í samræmi við reglu tilskipunarinnar enda sé ekki að finna haldbær rök fyrir því hvers vegna miða eigi við 10% hlut atkvæða eða önnur yfirráð fremur en 25% líkt og gert er í tilskipuninni.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Unnur Elfa Hallsteinsdóttir